

## Svar

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn  
Sigurðar Inga Jóhannssonar um ríkisjarðir.

Leitað var aðstoðar Þjóðskrár Íslands og Bændasamtaka Íslands við vinnslu á svarinu. Þjóðskrá skoðaði fjölda lögbýla sem skráð eru á ríkissjóð, kt. 540269-6459, í lögbýlaskrá samkvæmt jarðalögum, nr. 81/2004. Bændasamtök Íslands unnu síðan áfram með þá niðurstöðu um kvótaskráningu lögbýlanna.

Rétt er að vekja sérstaka athygli á því að Þjóðskrá tók við lögbýlaskrá af Hagþjónustu landbúnaðarins á síðasta ári og samræmingarvinna er því enn í gangi.

1. Hvað eru ríkisjarðir margar og hvernig skiptast þær eftir sýslum með tilliti til eftirfarandi:
  - a. hversu margar eru setnar,
  - b. hversu margar eru lausar til ábúðar, og
  - c. á hversu mörgum jarðanna er búseta án búskapar?

*Ríkisjarðir sem eru setnar.*

Alls eru 185 lögbýli/jarðir með virkri skráningu en 55 lögbýli/jarðir eru skráðar í eyði.

Skoðuð voru 185 lögbýli sem eru skráð á kennitölu Ríkissjóðs Íslands. Af þeim er kvóti skráður á 80 lögbýli. 105 lögbýli eru því skráð í byggð án þess að vera með skráðan kvóta.

Sýslumannsembætti:	Lögbýli án kvóta	Lögbýli með kvóta	Lögbýli í eyði
411 Reykjavík	6		1
412 Akranes			
413 Borgarnes	3	4	8
414 Stykkishólmur	1	1	5
415 Búðardalur	2	3	1
416 Patreksfjörður	6	5	3
417 Bolungarvík			
418 Ísafjörður	3	2	2
419 Hólmavík	2	1	
420 Blönduós	5	9	2
421 Sauðárkrókur	3	6	4
422 Siglufjörður		1	
424 Akureyri	8	3	1
425 Húsavík	14	4	3
426 Seyðisfjörður	11	19	8
428 Eskifjörður	9	5	3

Sýslumannsembætti:	Lögbýli án kvóta	Lögbýli með kvóta	Lögbýli í eyði
429 Höfn	4	6	
430 Vík	3	1	
431 Hvolsvöllur	13	5	2
432 Vestmannaeyjar			
433 Selfoss	9	5	8
434 Keflavík	1		4
436 Hafnarfjörður	2		
437 Kópavogur			
Alls	105	80	55

*Ríkisjarðir sem eru lausar til ábúðar.*

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið auglýsti og ráðstafaði tveimur bújörðum í ábúð á síðasta ári. Gert er ráð fyrir að á þessu ári verði þrjár bújarðir á vegum ráðuneytisins auglýstar til ábúðar.

*Ríkisjarðir með búsetu án búskapar.*

Eins og áður sagði voru 185 lögbýli skoðuð sem eru skráð á kennitölu ríkissjóðs. Af þeim er kvóti skráður á 80 lögbýli. 105 lögbýli eru því skráð í byggð án þess að vera með skráðan kvóta.

Á 74 lögbýlum eru skráð ærgildi í ríkiseigu.

Á 14 lögbýlum er skráður mjólkurkvóti í ríkiseigu.

Einnig skal minnt á að á fjölmörgum ríkisjörðum er stundaður annar landbúnaður en sauðfjárbúskapur og rekstur mjólkurbúa. Má þar helst nefna garðyrkju, hrossarækt og skógrækt auk annarrar nýtingar á hlunnindum jarðanna. Erfiðara og tímafrekara er að nálgast þær upplýsingar.

Gera má ráð fyrir að hvorki búseta né búskapur sé á þeim 55 lögbýlum/jörðum sem eru skráð í eyði. Hins vegar er afar algengt að slíkar eyðijarðir séu nýttar til beitar eða til slægna.

*2. Hversu margar þeirra ríkisjarða sem setnar eru hafa kvóta og hversu mikill kvóti fylgir þeim?*

Alls 1.364.977 mjólkurlítrar í ríkiseign eru skráðir á 14 lögbýli.

Alls 385.851 mjólkurlítrar í eigu ábúenda ríkisjarða eru skráðir á 10 lögbýli.

Alls 13.750,7 ærgildi í ríkiseign eru skráð á 74 lögbýli.

Alls 4.968,9 ærgildi í eigu ábúenda ríkisjarða eru skráð á 27 lögbýli.